

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Höfundasjóð Leikfélags Reykjavíkur.

1. gr.

Höfundasjóður Leikfélags Reykjavíkur er stofnaður af menntamálaráðherra, Svavari Gestssyni, í tilefni af vígslu Borgarleikhússins og flutningi á starfsemi Leikfélags Reykjavíkur þangað.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að stuðla að íslenskri leikritun.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins, sem er framlag ríkissjóðs, er kr. 1 000 000 og má ekki skerða það. Gjafafé skal leggjast við stofnfé og ávaxtast með sama hætti.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru raunvextir af stofnfé og öðrum eignum, sem sjóðnum kann að áskotnast.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, 2 skipaðir af Leikfélagi Reykjavíkur, 1 skipaður af Leikskáldafélagi Íslands. Stjórnin er skipuð til þriggja ára í senn.

Sjóðsstjórn skal halda fundargerðarbók, þar sem bóka skal allar ákvarðanir stjórnar varðandi sjóðinn, svo sem styrkveitingar, hverjir verði þeirra aðnjótandi og hversu hárrí fjárhæð þær nema og svo framvegis. Stjórnin er ólaunuð.

6. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar úr sjóðnum og fer úthlutun eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar hverju sinni. Stjórnin skal hafa eftirlit með því að fjármunir sjóðsins nýtist í samræmi við markmið hans.

Stjórn sjóðsins annast reikningshald og reikningsskil. Hún varðveitir eignir sjóðsins og skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt þannig að hann nái tilgangi sínum sem best.

7. gr.

Gera skal ársreikning fyrir hvert almanaksár, eða brot úr almanaksári sem stjórnin starfar. Ársreikningur, endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda, skal fullgerður og undirritaður af stjórninni eigi síðar en 3 mánuðum eftir lok almanaksársins.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi, nema stjórnin sé einhuga um hana.

9. gr.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður nema stjórnin sé einhuga um það og að fengnu samþykki menntamálaráðherra, en þá renni eignir hans til Leikfélags Reykjavíkur.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum er verða kunna á henni sbr. 8. gr.

13. desember 1990.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. janúar 1991.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 63

31. janúar 1991

REGLUR

um endurgreiðslur sjúkratrygginga af tannréttingakostnaði samkvæmt lögum um almannatryggingar.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar taka til þeirra tannréttinga, sem framkvæmdar eru skv. c stl. 39. gr. og skv. heimild í 2. tl. 44. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, eftir því sem mælt er fyrir um í reglum þessum.

2. gr.

Tannréttingaþjónusta skv. reglum þessum skal veitt hjá tannlæknum, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert samninga við um framkvæmd þjónustunnar, svo og hjá skólatannlæknum og á heilsugæslustöðvum þar sem því verður við komið.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast endurgreiðslur samkvæmt reglum þessum til barna og unglunga að 17 ára aldri. Umsóknir, sem berast frá 17 ára og eldri, skulu því aðeins metnar að tannskekkinga falli undir 6. gr., flokk I og 7. gr. flokk II og ekki hafi af læknisfræðilegum ástæðum þótt tímabært að hefja tannréttingu fyrr.

II. KAFLI

Umsóknir og afgreiðsla.

4. gr.

Umsóknir skulu sendar til Tryggingastofnunar ríkisins (yfirtannlæknis eða umboðsmanns hans) á þar til gerðum eyðublöðum, sem stofnunin lætur í té, þar sem tannlæknir vottar skekkju, meðferðarþörf, tilgreinir væntanlegan tækjabúnað, gerir meðferðar- og kostnaðaráætlun og flokkar tannréttingu skv. reglum þessum. Yfirtannlæknir eða umboðsmaður hans úrskurðar umsókn og afgreiðir innan tveggja vikna frá því hún berst, en mest fjögurra vikna sé ástæða til frekara mats. Sé um flókin atriði að ræða sem þarfnast verulegrar skoðunar getur yfirtannlæni tekið sér lengri frest, enda geri hann umsækjanda grein fyrir málinu. Umsækjandi skal vera búinn undir skoðun yfirtannlæknis eða umboðsmanns hans.

Telji tannlæknir ástæðu til að hefja aðgerð þegar í stað skal það koma fram í umsókn og ástæður rækilega skýrðar. Yfirtannlæknir skal þá taka umsókn til svo skjótrar afgreiðslu sem við verður komið, og tilkynna tannlækni niðurstöður, þannig að sem minnstur dráttur verði á framkvæmdinni.